



ORKUSTOFNUN

Staða jarðhitarannsókna fyrir Ólafsfjarðarbæ

Guðni Axelsson

Greinargerð GAx-92-03

STAÐA JARÐHITARANNSÓKNA FYRIR ÓLAFSFJARÐARBÆ

Í mars 1990 var undirritaður samningur milli Hitaveitu Ólafsfjarðar og Orkustofnunar um jarðhitarannsóknir, sem einkum skyldu miða að því að auka þekkingu á gerð og eðli jarðhitasvæðisins á Laugarengi. Mjög litlar rannsóknir höfðu þá farið fram á því svæði, hvorki í tengslum við boranir né síðar. Í viðauka með þessari greinargerð er birt verklýsing, sem er hluti samningsins. Þar er rannsóknunum skipt í átta mismunandi þætti.

1. Staða rannsóknanna

Nú er lokið vinnu við verkþætti 1, 2, 3 og 5 í samningnum og hafa niðurstöðurnar verið birtar í tveimur skýrslum:

Guðni Axelsson, 1991: Jarðhitasvæðið á Laugarengi í Ólafsfirði. Prófun og vatnsborðsspár. Orkustofnun, OS-91012/JHD-03, 38s.

Jens Tómasson, Hilmar Sigvaldason og Guðni Axelsson, 1992: Laugarengi í Ólafsfirði. Jarðlög og borholumælingar í holum 1-4. Orkustofnun, OS-92011/JHD-04B, 54s.

Niðurstöður þessara verkþátta eru þær helstar að vatnsæðar í holum 3 og 4 á Laugarengi séu ekki við berggang, sem áður var talinn vera uppstreymisrás jarðhitans. Helstu vatnsæðarnar tengjast sprungum, sem taldar eru hafa aðra stefnu en berggangar á svæðinu. Viðbrögð (þ.e. vatnsborðsbreytingar) jarðhitakerfisins við vinnslu benda einnig til þess að innsti hluti jarðhitakerfisins sé bundinn örfáum sprungum eða þróngu sprungubelti. Jarðhitakerfið virðist síðan í góðum tengslum við mjög stórt vatnskerfi, sem stjórnar því að niðurdráttur í kerfinu nær jafnvægi eftir nokkurra ára jafna dælingu. Minni afköst holu 3 en holu 4 stafa aðallega af því að hola 3 er gennri og sker þrengri æðar. Ljóst er að heita vatnið er nýtt illa á Ólafsfirði og að með sölukerfisbreytingu má ná verulegum sparnaði í vatnsnotkun. Því er spáð í fyrri skýrslunni að vatnsborð í holu 4 muni ekki fara niður fyrir núverandi dæladýpi (60 m) fyrir árið 2010, ef sölukerfinu verður breytt, þrátt fyrir 2% árlegan vöxt í vinnslu í framtíðinni. Samdráttur í vinnslu við sölukerfisbreytingu mun lengja líftíma jarðhitakerfisins undir Laugarengi verulega.

Vinnu við verkþátt 7 er einnig að mestu lokið, en í þeim þætti var hiti mældur í jarðvegi við Ólafsfjarðarvatn neðan Laugarengis. Þá kom í ljós að enn er hiti niðri við vatnið, sem kom nokkuð á óvart því búast mátti við því að sá hiti hefði horfið er dæling hófst á Laugarengi.

Vinnu við verkþátt 6 verður hægt að ljúka á skömmum tíma og verður þá lokið vinnu við alla verkþætti samningsins nema verkþætti 4 og 8. Þá verkþætti er eðlilegra að vinna í tengslum við rannsóknir annarra jarðhitastaða í Ólafsfirði.

2. Kostnaður

Í töflu hér á eftir er gefið yfirlit yfir þann kostnað sem Hitaveita Ólafsfjarðar hefur haft af jarðhitarannsóknunum til þessa ásamt áætluðum kostnaði við verkþátt 6. Samkvæmt samningnum átti kostnaður við verkþætti 1, 2, 3, 5, 6 og 7 að verða 1.850.000 kr. og var þá miðað við gjaldskrá Orkustofnunar í desember 1989. Í töflunni hafa reikningsupphæðir verið umreiknaðar til verðlags á þeim tíma og fæst þá heildarupphæðin 2.204.000 kr. Er það um 20% umfram áætlun. Þessi munur skýrist annars vegar á því að verkþáttur 5 (jarðlagagreining) reyndist mun viðameiri en áætlað hafði verið. Vegna þess hve vinna við þennan þátt var vanáætluð tók Orkustofnun á sig um helming umframkostnaðarins. Hins vegar skýrist munurinn á því að verkþáttur 3 (borholumælingar) fór einnig töluvert fram úr áætlun. Var það einkum vegna þess að ekki reyndist unnt að mæla holur 3 og 4 í einni ferð eins og áætlað hafði verið. Annars má segja að oft sé erfitt að áætla vinnu við jarðhitarannsóknir og líklegt er að stundum gæti full mikillar bjartsýni við slíka áætlanagerð.

Tafla 1. Kostnaður við jarðhitarannsóknir 1990-1993

Verkþáttur	Dagsetning reiknings	Upphæð reiknings	Upphæð á verð- lagi des. 1989
3	ágú. 1990	192.000	186.000
1	sep. 1990	320.000	320.000
2	apr. 1991	296.000	284.000
2, 3 og 5	ágú. 1991	508.000	456.000
5	mar. 1992	299.000	272.000
5	mar. 1992	379.000	281.000
7	jan. 1993	175.000	135.000
6		350.000 ¹⁾	270.000 ¹⁾
Samtals		2.519.000	2.204.000

¹⁾ áætlað

3. Framhald rannsóknanna

Eins og komið hefur fram hér að framan þá er nú að mestu lokið þeim rannsóknum á jarðhitakerfinu undir Laugarengi sem samningur Hitaveitu Ólafsfjarðar og Orkustofnunar gerði ráð fyrir. Þó er talið mikilvægt að haldið verði áfram jarðhitarannsóknum í Ólafsfirði því viða er vitað um jarðhita í firðinum. Þess má geta að ef undan eru skildar rannsóknir síðustu ára þá hefur jarðhiti í Ólafsfirði afar lítið verið rannsakaður í einn og hálfan áratug. Orka frá öðrum jarðhitasvæðum gæti nýst til annars en húshitunar á Ólafsfirði og eins þegar afköst núverandi vinnslusvæða Hitaveitu Ólafsfjarðar taka að dala.

Hér á eftir verða nefnd fjögur skref sem mögulegt verður að taka á næsta ári:

- Ljúka verkþætti 6 í samningi hitaveitunnar og Orkustofnunar, en þar er um að ræða kortlagningu sprungna og misgengja í nágrenni Laugarengis. Áætlað er að kostnaður verði um 300.000-350.000 kr.
- Gera almennt yfirlit um og kanna lauslega alla jarðhitastaði í Ólafsfirði. Sumarið 1992 var lítið eitt unnið að þessu verkefni. Sem næsta skref væri best að fara um Ólafsfjörð að vori til, áður en snjóá leysir, og merkja þá jarðhitastaði sem finnast. Áætlað er að það gæti kostað um 150.000 kr. Næsta skref væri síðan að taka vatns-sýni til efnagreininga á álitlegustu stöðunum. Kostnaður við söfnun og greiningu þriggja sýna gæti orðið um 150.000-200.000 kr. Einnig er hugsanlegt að gera við-námsmælingar, svokallaðar TEM-mælingar, á einhverjum jarðhitastaðanna. M.a. á grundvelli þeirra mætti meta hvaða staðir væru álitlegastir. Kostnaður við eina TEM-mælingu, með úrvinnslu, er um 100.000 kr.
- Einnig mætti rannsaka einhvern jarðhitastað nánar, t.d. Hólkot eða Vatnsenda, þannig að hægt yrði að staðsetja rannsóknarholu á staðnum. Þá þyrfti fyrst að segulmæla á viðkomandi svæði. Síðan væri vænlegast að bora nokkrar grunnar (50 m) holur til þess að staðsetja uppstreymirsás heita vatnsins af sem mestri nákvæmni. Ein slík hola kostar væntanlega um 150.000-200.000 kr. Væntanlega þyrfti að bora 3-5 holur á hverju svæði. Vinna jarðfræðings frá Orkustofnun í tengslum við segulmælingar og borun 3-5 grunnra hola myndi væntanlega kosta um 250.000-300.000 kr.
- Jarðhitasvæðið á Skeggjabrekkuðal, sem Hitaveita Ólafsfjarðar nýtir einnig, hefur svo til ekkert verið rannsakað síðan á sjöunda áratugnum. Það svæði væri nauðsynlegt að rannsaka betur því möguleiki er að þar megi fá heitara vatn og súrefnissnauðara. Sem fyrsta skref í endurrannsókn Skeggjabrekkuðals mætti gera staðsetningarkort af borholum á svæðinu. Það þarf ekki að vera kostnaðarsamt og mætti að einhverju leyti vinna af starfsmönnum Ólafsfjarðarbæjar.

Í ofangreindum tölu er hvorki gert ráð fyrir upphaldi á Ólafsfirði né virðisaukaskatti.

Guðni Axelsson

V I D A U K I

Verklýsing úr samningi Hitaveitu Ólafsfjarðar og Orkustofnunar frá 1990

ORKUSTOFNUN JARDHITADEILD

Samningur 611621-1990
Fylgiskjal nr. 1

2. AFKASTAMAT

I þessum verkþetti verður reynt að meta vinnslugetu jardhitasvæðisins í námustu framtíð, með því að reikna vatnsborðsspár fyrir holu 4. Í þeim tilgangi verða fyrst tekin saman eldri gögn og áætlunarir (1988 og eldri) um viðnisi á Laugarengissvæðinu og vatnsborðsbreytingar henni samfara. Jafnframt verða tekin saman þau gögn sem safnað var á árinu 1989 og safnað verður þar til þessi verkþattur verður unnið. Síðan verður sett upp einfalt líkan af svæðinu, sem einnig byggði á niðurstórum úr verkþatti 1, og það notað til þess að reikna vatnsborðsspár fyrir holu 4. Hverrig til tekst í þessum verkþetti fer að nokkru eftir því hvað til er af gögnum um viðþrógð svæðisins við viðnisi.

Tilgangur þeirra ramusókna er samningur þessi nær til er annars vegar að auka þekkingu á gerð og edji jardhitasvæðisins í Laugarengi. Hins vegar er tilgangurinn að kanna vinnslueiginleika og áætla afköst jardhitasvæðisins og niverandi viðnisiuhola.

Fyrir utan það að auka skilning á gerð og edji jardhitasvæðisins í Laugarengi, sem er mjög takmarkaður í dag, mun sifrá útrekt nýlast (1) til þess að gera áætlunar um viðþrógð jardhitasvæðisins eittkvíð fram í tímann, (2) til hlöðsjanar við akvardanatökum varðandi ýmsar framkvæmdir (t.d. breytingu á sölufrírkumulagi) og (3) sem grundvöllur fyrir frekari rannsóknir, sem framkvæma þyrfti áður en farid verður í frekari orkuþrum (á Laugarengi eða öðrum svæðum) í Olausfjörði.

Ramusóknum verður skipt upp í áttu mismunandi þætti og er hverjum þættu lýst nánar hér á eftir:

1. PRÓFANIR Á HOLUM 3 OG 4

I þessum verkþetti verður jardhitasvæðid prófað við mismikla dælingu, bæði úr holum 3 og 4, í uppb. viku. Þann tíma verður fylgst nákvæmlega með vatnsborðsbreytingum í öllum holum (1, 2, 3 og 4) á svæðinu. Þessi þáttur miðar í fyrsta lagi að því að meta vinnslueiginleika holu 4, þ.e. niðurdrátt við mismunandi dælingu, í öðru lagi að því að afla upplýsinga um vatnafredilega eiginleika jardhitakerfiðins og í þriðja lagi munu gögn úr þessum þætti nýlast við afkastamat í þætti 2.

Ef miðað er við að sumrin fari fram að sumri til, þannig að hægt sé að stöðva viðnisi á Laugarengi í notkurni tíma, mætti framkvæma þennan verkþatt á eftirfarandi máta:

- Dælt stöðvugt (c.a. 25 l/s) úr holu 4 í 5 daga fyrir prófunina.
- Dæla í holu 4 stöðvud í 36 klst. (um helgi).
- Holu 4 þrepaprófuð (10, 20, 30 l/s) í 6 klst.
- Dæla í holu 4 á full afköst (40 l/s?) í 48 klst.
- Dæla í holu 4 stöðvud í allt að 24 klst.
- Dæla í holu 3 á full afköst í 48 klst.

VERKLÝSING VEGNA JARDHITARANNSÓKNA FYRIR HITAVEITU ÓLAFSFJARDAR

Lagt er til að næst þegar dæla verður tekin upp úr holu 4, hvort sem er til eftirlits, viðhalds eða vegna síkkunar hennar, þá verði gerðar ýmsar borholumaðelingar í holunni. Engar síksar mælingar hafa verið gerðar ef undan eru skilar nokkrar hitamælingar og ein viddarmæling frá því í borun hennar. Þær mælingar sem mikilvægast væri að gera eru: hitamæling (strax eftir að dæla hefur verið tekin upp), viðnámsmæling og/eða nífeindamaðeling til könnunar á jardlögum sem holan sker og hallamaðeling, því vegna erfideika við upptíkt borsstrengs í borið leikur grunur á að holu 4 halli töluvert. Einnig væri mikilsvert að halla- og hitamæla aðarfar holur á svæðinu (1, 2 og 3) ef möguleikar verða á því í sömu ferðinni.

3. BORHOLUMÆLINGAR

Lagt er til að næst þegar dæla verður tekin upp úr holu 4, hvort sem er til eftirlits, viðhalds eða vegna síkkunar hennar, þá verði gerðar ýmsar borholumaðelingar í holunni. Engar síksar mælingar hafa verið gerðar ef undan eru skilar nokkrar hitamælingar og ein viddarmæling frá því í borun hennar. Þær mælingar sem mikilvægast væri að gera eru: hitamæling (strax eftir að dæla hefur verið tekin upp), viðnámsmæling og/eða nífeindamaðeling til könnunar á jardlögum sem holan sker og hallamaðeling, því vegna erfideika við upptíkt borsstrengs í borið leikur grunur á að holu 4 halli töluvert. Einnig væri mikilsvert að halla- og hitamæla aðarfar holur á svæðinu (1, 2 og 3) ef möguleikar verða á því í sömu ferðinni.

4. SÝNATAKA OG EFNAGREININGAR

Á undanförnum árum hafa sýni verið tekin einu sinni á ári úr vinnsluholum hitaveitunnar, oftast holu 4. Af þeim sökum eru til ágætar upplýsingar um efnasamsetningu heita vatsins í Laugarengi. Vænlegir jardhitastadir í nágrenni kaupstadarins eru hugsamlega við Ölausfjörðarvatn neðan við Laugarengi og við Kleifarhorn. Þinn eimjardhitastadir í uppb. 5 km fjarlægð frá kaupstadnum er í landi Vatnsenda. Þar er vitæd um 40°C heit vatn. Til að kanna þessa jardhitastaði nánar þykir rétt að taka sýni af vatni á þeim öllum og efnagreina. Efrasamsetning vatnsins, t.d. klsilsýrur getur nefnilegur gefið upplýsingar um hita vatnsins djúpt í jörfu og má þannig leggja mat á hvort ráðlegt sé að leita frekar að jardhita t.d. með borunum eda jardedlistræðilegum mælingum.

Í tengslum við dæluprófanir á holum 3 og 4 er talid rétt að taka nokkur sýni til greininga t.d. á klófni, til að kanna hvort aukin dæting hefur eftiver áhrif á efnasamsetningu vatsins. Slik sýni verða tekin af þeim sem sér um dæluprofún, og engan sértakana útbúnað þarf við það.

5. JARDLAGASNÍD FYRIR HOLLUR 1, 2, 3 OG 4

Fjórar holur hafa verið boraðar jardhitinn í Laugarengi. Þær voru boraðar á árunum 1973 til 1982 í eða nærrí gangi þeim sem laugarnar tengjast. Heildaryði holanna er um 3400m. Engin jardlagasníð eru til úr holum pessum en nauðsynleg gögn eru tilgrekt til þess að unnt sé að draga þau upp. Slik jardlagasníð eru grunnumforsenda fyrir því að búa megi til lískan af jardhitasvæðinu og ráða í það í það hvarð það er sem raunverulega

stjórnar uppstreyymi heita vatnsins. Holur 3 og 4 voru horðar með það í huga að hita ganginn á nokkur hundruð metra dýpi, en í rauninni er ekki vitað hvort það tókst.

6. JARDFRÉDIKORTLAGNING

Berggangar, misgengi og sprungur ráða miklu um uppstreymi heitis vatns. Til er allgtgangakort af nánasta umhverfi Ólafsfjörðarkaupstaðar, (Ragna Karlssdóttir og Jóhann Helgason, 1978), en tilfinanlega vantað að kortleggja misgengi og sprungur. Segulmælingar, t.d. í Laugarengi og við Ólafsfjörðarvæn, hafa leitt í ljós að uppstreymi heita vatnsins er tengt göngum eda gangapyrpingu en litlum hefur verið athugað hvatda hlurverki misgengi og sprungur gegna í því að veita heita vatnini upp til yfirborðs. Við jardgangagerð í Ólafsfjörðarmála hefur komið í ljós að addalvátnsæðar, þó reynðar séu þær káldar, eru tengdar misgengjum og jafnvél opnum sprungum. Þannig er vel trúlegt að heita vatnið leiti upp til yfirborðs þar sem gangar og misgengi eda sprungur skefasti. Til þess að kanna þetta nánar er lagt til að sprungur og misgengi verði kortloðgð í nágrenni jardhitans í Laugarengi og í Osbrekkufjall. Einnig verða gangar, misgengi og sprungur í Hólkoðshrynni kortið, en þangað stefna stór misgengi sem sjást í Osbrekkufjalli.

7. JARDHITAKORT VÐ ÓLAFSFJÖRÐARVATN

Jardhitit kemur fram við Ólafsfjörðarvatn neðan við Laugarengi. Hæstur hiti hefur mælst 24°C en ekki er vitað hversu remansi er mikil. Í skyrslu Orkuustofunnar frá árinu 1978 (Ragna Karlssdóttir og Johann Helgason, 1978) var lagt til að bora í jardhitita þemanum og var það talinn vænlegri kostur en að bora í Laugarengi. Holta 4 var síðan borðuð í Laugarengi og ekki er vitað til þess að neitt hafi verið kannad nánar með jardhitita við Ólafsfjörðarvatn. Segulmælingar sýna að volgrunnar komu upp við gang, en lagt er til að kortleggja nánar hitann í vatnsbakkunum. Þad er gert á þann hátt að hiti er mældur á up.b. 0,5-1,0m dýpi í jardþegi á eins til nokkrar metra bili eftir línum, sem lagðar eru yfir laugarsvæðið. Á þeimann hátt meitt aukinni notkun í framtíðinni og afmarka betur uppstreymisrás heita vatnsins, t.d. með tilliti til borunar í svæðið.

8. SKEGGJABREKKUDALUR

Hítaveita Ólafsfjörðar nýrt einnig sjálfreinandi heitt vatn sem faest úr borholu á Skeggjabrekkludal. Ljóst er að jardhitasvæðið á dalnum mun áfram verða nýtt af HO, ef ekki á sama máta og í dag, þá sem varafli/oppafli hitaveitumtar. Einnig er mögulegt að það svæði gæti á einhvæm hátt meitt aukinni notkun í framtíðinni.

Svo til engar rannsóknir hafa farið fram á því jardhitasvæði síðan á sjöunda áratugnum. Síðan þá hafa orðið mikill framfarir í rannsóknum á jardhitita og eins hafa hugmyndir um eðli jardhitakerfá breyst. Því væri full ástæða til þess að gera einnig einhvers konar úttekt á því svæði. M.a. mætti reyna að finna þar þær holur, sem nú eru týndar, þaði til mælinga og eins til þess að steypa í þær, því hugsanlegr er að sumar þeirra veitti köldu yfirborðsvanni niður í jardhitakerfið. Ekki er í kostnaðaráætluninni her á eftir gert ráð fyrir vinum við þennan þátt, en þó væri rétt að hafa sílkt í huga á næstu árum. Sem fyrsta skrefi HO t.d. fundið þær holur, sem nú

eru týndar, og síðan gert staðsettningarkort af borholunum á Skeggjabrekkludal.

Vatnið sem faest af Skeggjabrekkludal er taepast nögu heitt (56°C) og það er einnig surefnisríkt. Því staðar mikil tæringaþættu af notkun þess. Mikilvært væri því að kenna uppruna surefnisins, t.d. með hitamælingum og sýnatöku, því hugsanlegr er að hægt sé að minnka surefnisinnihald vatnsins með því að fóðra borholur þar dýra, loka eda steypa í gamlar holur eða með borun nýrra hola.